

## Vinnufundur í velferðarráðuneytinu 7. desember 2012

# „Hvernig snæðir maður stórt landspendýr?“

### Um innleiðingu og framkvæmd sveitarfélaga á reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu

Tryggvi Þórhallsson
Sambandi íslenskra sveitarfélaga

# VERKEFNIÐ ...



# YFIRLIT ERINDIS

- Stefnumið við setningu reglugerðarinnar
- Samningur SÞ
- Nánar fjallað um eftirtalin markmið:
  - afnám herbergjasambýla
  - stærð einkarýma
  - þéttleiki úrræða
  - gildistölkuákvæði
  - biðlistar

# MARKMIÐIN

- Greina í sundur „steinsteypuna“ og þjónustuna
- Koma á þeirri meginreglu að aukarými sé greitt af þjónustuaðila,
- Tryggja að alltaf sé gerður húsaleigusamningur um úrræði

Full samstaða var í vinnunni um þessi þrjú markmið

Annað sem að var stefnt:

- Útrýma herbergjasambýlum
- Búa til samræmd viðmið um stærð einkarýma
- Vinna gegn því að til verði „gettó“
- Stytta biðlista

Sammæli um að stefna að þessum fjórum þáttum en ...
jafnframt ljóst að þeir kalla á verulega aukin útgjöld

# SAMNINGUR SÞ

Öll markmiðin í samræmi við reglur samningsins:

- Meginregla 19. gr. um sjálfstætt líf
- Ákvæði 5. gr. um að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða
- Algild hönnun er almenn skuldbinding (4. gr.)



# SAMNINGUR SÞ frh.

## Hvað þýðir „viðeigandi aðlögun“?

- „... nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem ekki eru umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og mannfrelsi“ *Skilgreining 2. gr. samnings*
- Hvernig á að heimfæra þetta upp á reglugerðina?

# SAMNINGUR SÞ frh.

## Skilgreining og efnisregla:

h. *Sértækt húsnæðisúrræði:* Íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks.

14. gr.

*Íbúðir.*

Fatlað fólk og fjölskyldur þeirra skulu eiga aðgang að leiguhúsnæði á almennum markaði eða félagslegu leiguhúsnæði hjá sveitarfélögum til jafns við aðra.

Sé þörf fyrir sérstakt húsnæði vegna sérstakra eða mikilla þjónustuþarfa fatlaðs fólks skal þjónustuaðili sem ber ábyrgð á þjónustunni tryggja að slíkt húsnæði sé til staðar.

- Þessi ákvæði verður að lesa í samhengi við 2. gr.:
  „... sem ekki eru umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi“



# HERBERGJASAMBÝLI

## Úr framkvæmdaáætlun samþ. af Alþingi 11. júní:

*C.8 Húsnæðisgerð.*
Markmið: Að öll heimilisumgjörð fatlaðs fólks fullnægi almennum viðmiðum um heimili fólks samkvæmt reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fólk á heimili sínu.
Framkvæmd: Gerð verði áætlun á hverju þjónustusvæði i samvinnu sveitarfélaga, hagsmunaaðila og notenda þar sem tekið sé mið af gildandi reglugerð. Lögð verði niður i áföngum búseta sem ekki uppfyllir framangreind skilyrði, svo sem herbergjasambýli. Aukin verði framlög i Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að mæta kostnaði við aukna húsnæðisþörf.
Ábyrgð: Þjónustusvæði.
Samstarfsaðili: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
Timabil: Áætlun liggi fyrir i lok árs 2012 og stöðumat verði unnið árið 2013.
Kostnaður: Mat á þörf fyrir aukin fjárframlög liggi fyrir árið 2014.
Mælikvarði: Fækkun herbergjasambýla.

Lauslegt mat sambandsins á kostnaðaráhrifum var að útgjöld vegna þessa liðar gætu orðið á bilinu 6.000 – 8.400 m.kr. fram til 2020

Kostnaðarmat vegna 2012 – 2014: ~ 400 - 500 m.kr./ár

# HERBERGJASAMBÝLI frh.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2013 eru framlög til framkvæmdaáætlunarinnar 14 m.kr.

- Umræða verður að fara fram um fjármunina sem renna í gegnum fasteignasjóð JS
- Einungis flöt húsnæðisframlög?
  - 2012: 1.157 þús. pr. einstakling
  - 2012: 642 m.kr.
  - Er það reynsla þjónustu-svæðanna að þetta sé nægjanlegt framlag?



# STÆRÐ EINKARÝMA

Viðmið reglugerðarinnar:

„að jafnaði ekki [...] minni en 40–60 fermetrar að stærð “

- Hvað þýðir þetta?

Einkarými + hlutdeild í sameiginlegu rými í hlutfalli við fjölda íbúa, sbr. 11. gr.

Ath. einnig gildistökuákvæði reglugerðarinnar

- Sambandið hefur farið fram á að aðlögunartími verði lengdur

# STÆRÐ EINKARÝMA frh.

Athuga þarf einnig:

„Þegar þjónustuaðili tryggir fötluðu fólki húsnæðisúrræði ... “

Leggur skyldur á sveitarfélög og þjónustusvæði:

- Í drögum að reglugerð er reiknað með því að starfsleyfisskilyrði sé að húsnæðisúrræði í eigu húsnæðisfélaga (Brynju o.fl.) séu í samræmi við stærðarviðmið
- Gert ráð fyrir ríflegum aðlögunartíma

# ÞÉTTLEIKI ÚRRÆÐA

Athugasemdir hafa þegar borist frá sveitarfélögum og þjónustusvæðum

- Nauðsynlegt að ræða hvernig innleiðingin er hugsuð hvað þetta varðar
- Aðlögunartími nær einnig til húsnæðisfélaga
- Hvernig á að tryggja val fyrir þá sem vilja búa saman?

# GILDISTÖKUÁKVÆÐI

## Sambandið hefur farið fram á að aðlögunartími verði lengdur

- Óvissa uppi m.a. um lágmarkskröfur byggingarreglugerðar
- Einnig tillaga um formlegan samhæfingarvettvang sem fjalli um húsnæðisáætlanir þjónustusvæða og stöðu biðlista sérstaklega



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Velferðarráðuneytið
hr. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. september 2012

0712408SA TÞ
Málalykill: 236

**Efni: Breyting á gildistökuákvæði reglugerðar nr. 1054/2010**

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014 var samþykkt af Alþingi á formi þingsályktunartillögu þann 11. júní sl. (nr. 43/140).

Við umfjöllun um þingsályktunartillöguna benti Samband íslenskra sveitarfélaga á að ýmsir þættir hennar væru mjög dýrir og að ekki væri gert ráð fyrir slíkum kostnaðarauka í samningi ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu á málaflokknum. Sérstaklega var þar vikið að húsnæðismálum og strangari kröfum sem ráðgerðar væru varðandi húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk.

Við afgreiðslu málsins ríkti ákveðinn skilningur á stöðu sveitarfélaganna, sem kom m.a. í því að tillögunni var af hálfu þingsins fyrst og fremst ætlað að vera áætlun um að safna gögnum um stöðuna í málaflokknum, um frekari skoðun og rannsókn málaflokksins og áætlanagerð á grundvelli þeirra gagna sem safnað verður.

# BIÐLISTAR

## Rannsókn Félagsvísindastofnunar HÍ kemur fyrst fram eftir að reglugerðin var sett

- Leiddi í ljós hvað búsetumálin stóðu víða illa við yfirfærsluna
- Verklag svæðisskrifstofa duldi biðlista í ýmsum tilvikum



# BIÐLISTAR frh.

gerð samningsins.

Miðað skal við að gengið sé frá samningi um þjónustu innan tólf mánaða frá því að umsókn berst sveitarfélagi. Gangi það ekki eftir skal þjónustuaðili tilkynna umsækjanda um það og undirbúa gerð nýs samnings.

- Draga má verulega í efa að þetta sé raunhæft á mörgum stöðum
- Mikilvægasta atriðið að greina þarfir og bregðast við þeim sem eru í brýnustu þörfinni
- Félagsþjónusta sveitarfélaga er vel í stakk búin til þess að greina og meta þarfir
- Ástæða til útgáfu leiðbeinandi reglna um verklagið við þær aðstæður að fyrir hendi eru biðlistar

# BIÐLISTAR frh.

Athyglisvert erindi á námskeiði um framkvæmdaáætlanir í ýmsum löndum

- Írland: í kjölfar efnahagskreppunnar voru ýmis ákvæði sett „á ís“
- Fjármögnunaráætlun í gildi frá 2006 – 2009 en ekki endurnýjuð
- Írar njóta viðurkenningar fyrir starf og framfarir í þágu fatlaðs fólks
- Skýrsla fjármálaráðuneytisins


An Roinn Sláinte agus Leanaí

REPORT ON PUBLIC CONSULTATION

EFFICIENCY AND EFFECTIVENESS OF DISABILITY SERVICES IN IRELAND

REVIEW OF DISABILITY SERVICES UNDER THE VALUE FOR MONEY & POLICY REVIEW INITIATIVE 2009-2011

December 2010

# SAMANTEKT

## Svarið við spurningunni er: „... í bitum“

- Nauðsynlegt að gera áætlanir
  - Fjármögnun er forsenda áætlana
  - Framlag Jöfnunarsjóðs?
  - Samráð við notendur
- Aukin hagkvæmni og skilvirkni þarf ekki alltaf að kosta mikil útgjöld ...

  ... en peningarnir þurfa samt að vera til!



“ ‘I felt sure there was twopence left’ ”



# Verði ykkur að góðu!

